



BREYTTUR DEILISKIPULAGSUPPRÁTTUR

## Skógar í Fnjóskadal

### Hluti frístundabyggðar verður íbúðarbyggð

Breyting á deiliskipulagi tekur að mestu til lóða í Skógarhlíð eða þess hluta skipulagssvæðisins sem er vestan Illugastaðavegar (833).




Breyting á deiliskipulagi fellst í eftirfarandi:

- Á svæðinu eru 9 lóðir fyrir frístundahús en sú breyting er gerð að lóðirnar verða skilgreindar sem lóðir fyrir íbúðarhús.
- Lóðarmörk og byggingarreitir eru óbreyttir.
- Skv. gildandi deiliskipulagi er heimilt að byggja eitt frístundahús á einni hæð með hámarksgrunnfleti 140 m<sup>2</sup> og hámarkshæð 6,0 m frá gólfkóta á hverri lóð.
- Sú breyting er gerð innan hvernar lóðar verður heimilt að byggja eitt íbúðarhús á 1-2 hæðum með hámarks byggingarmarmagni 400 m<sup>2</sup> og hámarkshæð 9,0 m frá gólfkóta neðri hæðar. Hús eru almennt á einni hæð en geta verið á tveimur hæðum ef landhali gefur tilefni til og verða þá hús með aðalhæð auk kjallara/bilageymslu.
- Þá verður heimilt að hafa eitt aukahús á einni hæð innan hvernar lóðar (s.s. gestahús, geymsla, vinnustofa, bílskúr). Hámarksstæð aukahúss er 80 m<sup>2</sup> og hámarkshæð 4,5 m.
- Bætt er við kvöð um lagnaleið hitaveitu Norðurorku á lóðarmörkum lóða 2 og 4 í Skógarhlíð.
- Þá er sú breyting gerð á lóð nr. 8 við Skógarmela vestan Illugastaðavegar (833) að lóðin minnkar frá því að vera 6.673 m<sup>2</sup> í 5.520 m<sup>2</sup>. Lóðin verður eftir breytingu að sömu stærð og lögun og hún var fyrir breytingu á deiliskipulagi sem samþykkt var 6. desember 2018.

Ekki er talið að breytingin hafi veruleg umhverfisáhrif. Eftir sem áður er eitt hús á hverri lóð en hús verða þó umfangsmeiri og hærri en áður. Áhrif þess eru ekki talin veruleg þar sem lóðir eru stórar og langt á milli húsa auk þess sem byggðin fellur inn í svæði sem er að nokkru skógi vaxið.

Samhliða vinnu við deiliskipulag er gerð breyting á aðalskipulagi þar sem lóðir í Skógarhlíð, vestan Illugastaðavegar (833) eru skilgreindar sem íbúðarsvæði í stað þess að vera frístundabyggð.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 12.08.2011, m.s.br.



ADALSKIPULAG ÞINGEYJARSVEITAR 2010-2022  
SVEITARFÉLAGSUPPRÁTTUR

### SKÝRINGAR

- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐIR
- BYGGINGARREITIR
- BÍLASTÆDI, ÁÆTLUÐ
- ROTÞRÓ

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 41 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 FRÁ \_\_\_\_\_ TIL \_\_\_\_\_ VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞINGEYJARSVEITAR ÞANN \_\_\_\_\_

SVEITARSTJÓRI ÞINGEYJARSVEITAR

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖÐLAÐIST GILDI MED AUGL. Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN \_\_\_\_\_

ÞINGEYJARSVEIT - FNJÓSKADALUR  
SKÓGAR - FRÍSTUNDABYGGÐ  
DEILISKIPULAG - BREYTING - TILLAGA

KVARDI-A2:	1:2000	TEIKN NR:	
DAGS:	10.08.2022	HANNAD:	ÓI
FLOKKUR:	6612	TEIKNAD:	ÓI
SKRÁ:		VERKNR:	18090

